Heimilisáætlun

Heimilisáætlun snýst um að vera með skýra áætlun um hvernig bregðast skuli við hættuástandi. Slík atvik gætu t.d. verið eldsvoði, rafmagnsleysi eða náttúruvá.

Hvar hittumst við?
Heimilisfólk sammælist um hvernig bregðast skuli við hættuástandi, þannig að öll viti hvað á að gera og hvert á að fara.

Hvaða hættur eru á mínu svæði?
Við gerð heimilisáætlunar er mikilvægt að meta þær hættur sem geta komið upp á þínu svæði, t.d. skriður, eldgos eða jarðskjálftar.

Ef þú þarft að yfirgefa heimilið í nokkra daga:
Hugsaðu fyrirfram um hvaða hlutir eru ómissandi – hvað þarf að taka með til að geta verið frá heimilinu í nokkra daga?

Upplýsingar frá stjórnvöldum:
Mikilvægt er að fylgjast með opinberum upplýsingum í útvarpi á FM rás.

Í rýmingu eru eftirfarandi valmöguleikar:

- Þú rýmir án aðstoðar og finnur þér sjálf/ur gistingu.
- Þú rýmir án aðstoðar og ferð í fjöldahjálparstöð.
- Þú ferð á söfnunarsvæði í þínu hverfi og færð far í fjöldahjálparstöð.

ERTU KLÁR?
3DAGAR.IS

Hvaða hættur eru á mínu svæði?_____

_____

Hvar hittumst við?
a) Ef hættuástand myndast heima, t.d. í eldsvoða — hvar hittumst við fyrir utan hús?

_____

b) Ef hættuástand myndast þar sem nauðsynlegt er að yfirgefa heimilið — hvar hittumst við?

_____

Rýming – hvað tökum við með okkur?

- ☐ Skilríki / mikilvæg skjöl / vegabréf
- ☐ Lyf (nóg fyrir nokkra daga)
- ☐ Reiðufé
- ☐ Listi yfir mikilvæg símanúmer
- ☐ Hleðslubanki & hleðslutæki
- ☐ Hlý föt (t.d. góðir skór, húfa, úlpa, ullarsokkar)
- ☐ Snyrtivörur, tannbursti, tannkrem
- ☐ Vasaljós / höfuðljós
- ☐ Lítil skyndihjálpartaska
- ☐ Vatnsflaska
- ☐ Snarl (orkustykki, möndlur, þurrkaðir ávextir)
- ☐ Vegna barna (þurrmjólk, bleyjur, leikföng)
- ☐ Gæludýr (búr, fóður, taumur)
- ☐ _____

Mikilvæg símanúmer

Nafn	Sími

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

ERTU KLÁR? 3DAGAR.IS

Hjálparsími og netspjall .is 1717 Rauði krossinn